

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar
vegna frístundabyggðar í landi Ölkeldu í Staðarsveit.

Skipulagsstofnun staðfesti 19. maí 2023 óverulega breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031, sem samþykkt var í bæjarstjórn 23. mars 2023.

Í breytingunni felst að frístundabyggð (F-4) við Staðará í landi Ölkeldu er stækkuð um 2,2 ha vegna áforma um fjölgun frístundahúsa. Samtals er gert ráð fyrir allt að 9 frístundahúsum á svæðinu.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 19. maí 2023.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 7. júní 2023